



Stjórn SSH 338. fundur

Mánudaginn 17.ágúst 2009 kl.12:15 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu saman til fundar á skrifstofu SSH að Hamraborg 9, Kópavogi.

Eftirtaldir stjórnarmenn sátu fundinn: Haraldur Sverrisson, Hanna Birna Kristjánsdóttir, Gunnar Einarsson, Sigurður Magnússon, Lúðvík Geirsson, Gunnsteinn Sigurðsson, Ásgerður Halldórsdóttir og Sigurbjörn Hjaltason.

Framkvæmdastjóri, Páll Guðjónsson sat einnig fundinn og ritaði fundargerð.

Þetta gerðist:

Í upphafi fundar bauð formaður nýja stjórnarmenn, þau Gunnstein Sigurðsson og Ásgerði Halldórsdóttir velkomna til starfa á vettvangi stjórnar SSH. Síðan var gengið til dagskrár fundarins.

1. Kosning varaformanns.

Samþykkt var að Ásgerður Halldórsdóttir taki sæti varaformanns í stað Jónmundar Guðmarssonar

2. Málefni Strætó bs.

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra dags. 17. ágúst þar sem fjallað var annars vegar um afgreiðslur aðildarsveitarfélaganna á tillögu stjórnar SSH frá 15. júní um endurfjármögnun Strætó bs. og heildarendurskoðun á stofnsamþykktum og eigendasamkomulagi fyrirtækisins, og hins vegar tillaga um að leita samninga við ParX stjórnunarráðgjöf um framkvæmd endurskoðunarinnar.

Fram kemur í minnisblaðinu að tiltekið misræmi er í túlkun á hluta þeirrar útfærslu sem lögð var fyrir aðildarsveitarfélögin vegna endurfjármögnunar Strætó bs.

Niðurstaða:

- Samþykkt að stjórnarmenn taki upp umræðu á sínum vettvangi varðandi þau atriði sem fram koma í minnisblaði framkvæmdarstjóra um túlkun á útfærslu á skilyrðum fyrir endurfjármögnun Strætó bs.
- Samþykkt að fela framkvæmdastjóra að ganga til samninga við ParX stjórnunarráðgjöf um heildarendurskoðun á stofnsamþykktum og eigendasamkomulagi Strætó bs.



3. SSH – stefnumótun, yfirferð eftir hugarflugsfund stjórnar 5. júní sl.

Fyrir lá samantekt með helstu efnispáttum sem fram komu á hugarflugsfundi stjórnar hinn 5. júní sl.

Niðurstaða:

Samþykkt að taka samantektina til ítarlegrar umræðu á næsta stjórnarfund.

4. Bókun bæjarráðs Kópavogs frá 9. júlí 2009 vegna friðunar Skerjafjarðar.

Fyrir lá bókun bæjarráðs Kópavogs frá 9. júlí sl. þar sem fjallað er um auglýsingu Garðabæjar að friðlýsingu hluta Skerjafjarðar, og vakin athygli á nauðsyn þess að málið hljóti umræðu á vettvangi SSH.

Niðurstaða:

Samþykkt að fela starfshópi sem skipaður var 1. september sl. til að fjalla um verndun Skerjafjarðar að fara yfir málið. Í hópnun eiga sæti bærarstjóri Garðabæjar, bærarstjóri Álftaness og bærarstjóri Kópavogs.

5. Ákvörðun um aðalfund SSH 2009 og ársfund byggðasamlaganna

Fyrir lá minnisblað framkvæmdastjóra vegna málsins.

Niðurstaða:

Samþykkt að aðalfundur SSH og ársfundur byggðasamlaganna verði haldnir föstudaginn 6. nóvember nk. í Kópavogi.

6. Önnur mál.

a) Mat á kostnaði sveitarfélaganna vegna ráðstafana í ríkisfjármálum

Borgarstjóri lagði fram og kynnti samantekt sem unnin hefur verið á vegum fjármálaskrifstofu Reykjavíkurborgar á áhrifum ráðstafana í ríkisfjármálum á tekjur og gjöld Reykjavíkurborgar.

Niðurstaða:

Stjórnin telur nauðsynlegt að bregðast við þeim útgjaldaauka sem fyrirsjáanlegar eru hjá sveitarfélögunum vegna ráðstafana í ríkisfjármálum. Framkvæmdastjóra falið að afla nánari upplýsinga um málið hjá framkvæmdastjóra Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir næsta stjórnarfund.

Fleira ekki gert – fundi slitið kl. 14:15